

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

KJ/SRSS

Reykjavík, 01.10.2023

Efni: Umsögn RARIK tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir – 51. mál

Vísað er til tölvupósts, dags. 18. október sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir sbr. þingskjal 51. á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

RARIK þakkar fyrir tækifæri til umsagnar og telur jákvætt að lagaumhverfi smávirkjana sé tekið til endurskoðunar.

Gerðar eru athugasemdir við tvö atriði í greinargerð með tillögunni.

Smávirkjanir og umhverfismat

Í kaflanum *Smávirkjanir og umhverfismat* kemur eftirfarandi fram:

Auk þess rennur sá ábati sem smávirkjanir skapa raforkukerfinu, með því að léttu af því álagi vegna lækkaðrar úttektar frá Landsneti, að mestu til dreifiveitna og Landsnets. Reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, segir m.a. til um skiptingu þess ábata sem smávirkjanir skapa raforkukerfinu og iðóst er að endurskoða þarf reglugerðina með tilliti til smávirkjana.

Hér er að mati RARIK um misskilning að ræða og leggur RARIK til að ofangreindur texti verði felldur niður.

Rökstuðningur:

Í fyrsta lagi er ákvæðið sem vísað er til í textanum ekki einungis að finna í rg. 1040/2005¹, heldur í einnig raforkulögum, sjá 3.mgr. 12.gr.a og 5. mgr. 17.gr.a. Ef ætlunin er að endurskoða þessa skiptingu, dugir að mati RARIK ekki að breyta reglugerð heldur þyrfti til þess lagabreytingu.

Í öðru lagi lýtur ákvæðið að því að smávirkjun sem er yfir ákveðnum stærðarmörkum tekur þátt í að greiða flutningsgjöld Landsnets. Dreifiveitan fær skerf af þessum flutningsgjöldum þar sem hún leggur til kerfið fyrir raforkuna. Minnstu smávirkjununum er hlíft við þessu.

¹ Ákvæðið sem vísað er til í tillögu til þingsályktunar er í 15. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005.

RARIK vill í þessu samhengi koma því á framfæri að virkjanir sem tengjast dreifikerfinu þurfa í flestum tilfellum að greiða *tengikostnað* til að fá aðgang að kerfinu, ásamt innmötunargjöldum sem greiðast mánaðarlega.

Tengikostnaður er þannig tilkominn að áður en ný virkjun er tengd við dreifikerfið er kostnaðarmetið hvaða áhrif hún hefur á rekstur þess, ásamt því að reiknað er út hverjar framtíðartekjurnar verða út frá innmötunargjöldum að teknu tilliti til áhrifa á rekstrarkostnað, þar með talin sá flutningskostnaður sem dreifiveitan „sparar“ vegna tiltekinnar smávirkjunar í samræmi við framangreind ákvæði.

Til að tenging standi undir kostnaði þurfa tekjurnar og annar rekstrarlegur ábati sem dreifiveitna fær vegna hennar að duga fyrir fjárfestingunni við að tengja virkjunina. Margar virkjanir hafa jákvæð áhrif á flæði í dreifikerfinu og minnka töp sem þá skilar sér í lægri tengikostnaði fyrir virkjunaraðila. Það má því segja að þarna fari fram mat á þeim ábata sem viðkomandi virkun hefur í för með sér fyrir raforkukerfið.

Innmötunargjöld eru hins vegar lág, sem þýðir að í flestum tilfellum þurfa virkjunaraðilar þrátt fyrir mögulegan ábata fyrir raforkukerfið að greiða tengikostnaði í formi einskiptiskostnaðar, til að kostnaði við að tengja viðkomandi sé ekki velt yfir á þá notendur sem fyrir eru í kerfinu. Þetta getur verið íþyngjandi, sérstaklega fyrir minni aðila. Ef raforkulögum er breytt þannig að innmötunargjöld og/eða hlutdeild smávirkjana í flutningskostnaði lækkar, mun það leiða til þess að tengigjöld virkjana verða hærrí í framtíðinni.

Smávirkjanir eru nauðsynlegar fyrir raforkuöryggi

RARIK gerir einnig athugasemd við eftirfarandi texta sem fram kemur í 1.mgr. kaflans *Smávirkjanir eru nauðsynlegar fyrir raforkuöryggi*:

Smávirkjanir tengjast raforkukerfinu um dreifiveitur landsins og styrkja þannig þær flutningsleiðir. Með þeim er því verið að nýta, styrkja og bæta rekstur þess raforkukerfis sem nú þegar hefur verið byggt upp af samfélaginu. Smávirkjanir geta nýst sem varaafli séu dreifiveitur með kerfi sem getur tekið við slíku varaafli.

RARIK leggur til að þessi texti verði felldur brott.

Rökstuðningur:

Því miður nýtast smávirkjanir sjaldnast sem *varaafli* fyrir dreifikerfið. Í fyrsta lagi eru allar virkjanir undir 1 MW undanþegnar kröfu um eyjakeyrslu² sem er nauðsynleg svo þær geti nýst sem varafl. Einnig hefur staðið til að hækka þessi mörk í 1,5 MW en *netmáli um tæknilegar kröfur til virkjana í dreifikerfi* er í vinnslu. Hin dæmigerða bændavirkjun nýtist því ekki sem varaafli. Í öðru lagi hafa stærri virkjanir sem alla jafna ættu að ráða við að nýtast sem varafl, ekki farið þá leið, mestmegnis af kostnaðarlegum ástæðum. Margar þeirra hafa kosið að greiða frekar refsigjald til dreifikerfisins fyrir vangetuna, heldur en að setja upp búnað til eyjakeyrslu. Því miður er ekki fyrirsjáanleg nein stökkbreyting á þessu.

Að lokum vill RARIK benda á að þörf er á því að endurskoða í víðara samhengi lög og reglugerðir sem lúta að því auka svigrúm aðila sem stunda vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku. Þetta er

² Eyjakeyrslugeta þýðir að virkjun getur ein og óstudd framleitt rafmagn inn á kerfi sem fær ekki rafmagn annars staðar frá.

m.a. mikilvægt til að nýta nýja tækni og aðferðir sem nú þegar eru orðnar til eða eru í þróun, ekki síst til að greiða fyrir orkuskiptum. Í þessu samhengi er jafnframt nauðsynlegt að líta til þeirra atriða sem þessi þingsályktunartillaga beinist að.

RARIK er ávallt reiðubúið til samtals við stjórnvöld til að gera betur grein fyrir því sem hér hefur fram komið.

Virðingarfyllst,

f.h. RARIK ohf.



Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri